



Líðan og skólabragur

Skólinn leggur áherslu á að nemendum líði vel eins og sést meðal annars í gildum skólans. Skólinn fer ýmsar leiðir til þess að afla upplýsinga um líðan nemenda, t.d. er ávallt spurt um líðan nemenda í árlegri nemendakönnun en hún er jafnframt líður í sjálfsmati skólans. Undanfarin ár hafa yfir 90% nemenda svarað að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum. Þessar niðurstöður ásamt litlu brottfalli gefa tilefni til þess að ætla að hér ríki jákvæður skólabragur og að nemendum finnist þeir virkir í þeirri menningu sem hér ríkir. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að einhverjum nemendum virðist ekki líða vel og við þurfum að leita leiða til þess að finna út hvað það er sem veldur vanlíðan þeirra. Til þess að fylgjast enn frekar með nemendum okkar og setja í samanburð við aðra framhaldsskóla þá tekur skólinn þátt í könnun í nóvember sem Skólapúlsinn stendur fyrir.

Könnun Skólapúlsins er býsna ólík þeirri könnun sem lögð var fyrir í síðustu viku. Sú könnun var lögð fyrir alla nemendur skólans og var framhald á rannsókn sem gerð er á högum og líðan ungmenna á þriggja ára fresti. Ýmsar skýrslur, t.d. varðandi áfengisneyslu og vimefnanotkun, hafa verið unnar í tengslum við þessa rannsókn og eru þær aðgengilegar á vef Rannsóknar og greiningar. Könnun Skólapúlsins nær einungis yfir ákveðið úrtak nemenda skólans og eru foreldrar ólöggráða nemenda vinsamlegast beðnir um að láta vita með því að senda tölvupóst á verslo@verslo.is ef þeir vilja ekki að þeirra börn taki þátt. Athugið að engum persónuupplýsingum er safnað í könnuninni og fullrar nafnleyndar er gætt. Frekari kynningu fyrir foreldra er að finna [hér](#).



Af dansleikjahaldi

Nemendafélagið stóð fyrir dansleik í Gullhömrum síðastliðinn fimmtudag. Ballið var mjög vel sótt af nemendum skólans sem veit á gott fyrir andann í félagslífinu. Alls seldust 900 miðar og einungis 80 til utan-skólanema en yfirleitt eru böllinn á miðri önn mun smærri í sniðum en önnur. 46% nemenda blésu í áfengismæli og komust þar með í edrúpottinn. Við höfum haft það sem viðmið að yfir 40% nemenda sé án áfengis á böllum í okkar nafni og ánægjulegt að við erum enn fyrir ofan þau viðmið. Það sem veldur okkur áhyggjum er að nemendur virðast í auknum mæli leigja sér

sali úti í bæ og halda þar eftirlitslaus fyrirpartí fyrir nánast heilu árgangana. Vafalaust eru margir foreldrar fegnir að þurfa ekki að hýsa fyrirpartí en ástæðan fyrir því að minnst er á þetta hér er að þeim sem stóðu vaktina fannst stærri hópur vera ölvæðri en undanfarið. Nemendur virðast leyfa sér meiri drykkju en þeir hefðu annars gert í heimahúsi með foreldra á staðnum. Verið er að endurskoða hvort skynsamlegt sé að gefa leyfi í fyrsta tíma eftir ball í ljósi þess að afleiðingin virðist vera meiri ölvun hjá nokkuð stórum hópi ballgesta.

Veislan

Listafélag Verzlunarskóla Íslands setur upp leiksýningu í hátíðarsal skólans ár hvert. Mikill metnaður er lagður í uppsetninguna og ekki síður í leikmyndina en nemendur sjá alfarið um hana sjálfir. Allir sem að sýningunni koma eru nemendur í skólanum fyrir utan leikstjóran sem er Þórunn Lárusdóttir. Leikverkið sem listanefndin valdi að þessu sinni til uppsetningar er áleiðið og átakamiðið. Verkið er Veislan en líkast til er það þekktara sem danska bíómyndin, Festen. Leikritið fjallar um uppgjör innan fjölskyldu í skugga kynferðislegrar misnotkunar. Efnið er vandmeðfarið en leikurunum tekst listilega vel að koma



djúpstæðum tilfinningum og ráðvilltum persónum til skila. Veislan hefur fengið mjög góða dóma meðal starfsmanna sem óhikað mæla með því. Við hvetjum fjölskyldur nemenda eindregið til þess að koma og njóta saman metnaðarfullrar leiksýningar á vægu verði.

Næstu sýningar eru:
Fimmtudagurinn 14. nóvember kl. 20.00
Sunnudagurinn 17. nóvember kl. 20.00
Miðvikudagurinn 20. nóvember kl. 20.00
Sunnudagurinn 24. nóvember kl. 20.00

Hægt er að nálgast miða á miði.is.

Eftirfylgni

miðannarmats

Undanfarnar vikur hafa námsráðgjafar notað til þess að fylgja eftir niðurstöðum miðannarmatsins með því að kalla til sín þá nemendur sem fengu slakan vithnisburð frá kennurum. Markmiðið er að finna skýringar á stöðu nemandans og í framhaldinu leita leiða við að aðstoða þá við að ná betri tókum á náminu. Það er heldur ekki úr vegi fyrir foreldra og forráðamenn að fara yfir stöðu mála heima fyrir, bæði hvað varðar námsframvindu og ekki síður varðandi mætingar. Við minnum enn og aftur á að nemendur sem hafa náð 18 ára aldri geta sjálfir opnað fyrir foreldraaðganginn í upplýsingakerfinu.

Frá foreldraráði

Ársskýrsla og fundargerð aðalfundar eru komin inn á heimasíðuna á foreldrasvæðinu. Þar eru einnig glærurnar sem Páll Ólafsson studdist við í fróðlegum og skemmtilegum fyrirlestri sínum.

Próftaflan

Próftaflan er á heimasíðu skólans en hana má nálgast [hér](#).

